



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Norðurlands  
vestra

Aðalgata 23  
550 Sauðárkrúkur

(354) 570 13 22  
(354) 861 4200

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Guðmundur Stefán**

**Sigurðarson**

Minjavörður Norðurlands  
vestra  
gudmundur@minjastofnun.is

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir  
Skipulagsfulltrúi Skagafjarðar  
Skagfirðingabraut 21  
550 Sauðárkróki

fimmtudagur, 22. september 2022  
MÍ202207-0026/ 6.07 / G.S.S.

## Efni:

### Umsögn um matsáætlun framkvæmda við Sauðárkrókshöfn

Þann 10.8.2022 sendi minjavörður skipulagsstofnun umsögn um matsáætlun framkvæmda við Sauðárkrókshöfn og gerði athugasemd við að gögn sem krafa var gerð um vegna deiliskipulags hafnarsvæðisins hefðu ekki borist stofnuninni, þ.e. uppfærsla fornleifaskráningar og staðfesting á aldri mannvirkja á hafnarsvæðinu, sbr. umsögn minjavarðar um deiliskipulagið dags. 24.2.2020. Minjastofnun Íslands hefur nú móttakið umbeðin gögn (Sólborg Una Pálsdóttir og Brenda Prehal, 2022. Höfnin á Sauðárkróki – Fornleifaskráning og forkönnun húsa. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og Byggðasafn Skagfirðinga).

Í samantekt skýrslunnar segir um byggðina á Eyrinni:

Byggð hófst á Eyrinni í kringum 1882 og var þá um ræða lítil kotbýli, stundum með smá búskap. [...] Áður hafa íbúar á svæðinu líklega haft sjóbúðir (eina eða fleiri) á Eyrinni. Á fjórða áratug síðustu aldar hófst uppbygging hafnar á svæðinu. Þeim framkvæmdum fylgdu mannvirki sem tengdust sjósókn t.d. sjóbúðir, hjallar, trönur, geymslur og fiskvinnsla, sérstaklega síldarvinnsla en einnig mannvirki sem tengdust hafnarstjórnun og hafnargerð t.d. hafnarhús, smiðja, olíutankar og geymslur. Breski og bandaríski herinn hafði hersetu á Sauðárkróki 1940-1945. Hluti athafnarsvæðis hersetuliðsins var á Eyrinni. Þar settu þeir upp bragga, eldhús, skotgrafir og sandpokavirki. Í kringum 1950 varð Eyrin meginbyggingarsvæði iðnaðar svo sem sláturhúsa, fiskvinnslu, beinamjölsverksmiðju og niðursuðuverksmiðju.

Um uppistandandi hús segir:

Elstu uppistandandi húsin á deiliskipulagssvæðinu eru frá 1949-1957. Engar vísbendingar fundust um að byggingarnar hefðu ekki verið nýbyggingar, þ.e. að þær hafi verið fluttar annars staðar frá. Mögulega er elsti hluti sláturhússins höfundaverk Sigvalda Thordarsonar arkitekts en hann var forstöðumaður Teiknistofu SÍS 1948-1951. Að lokum er rétt að minna á menningarlegt gildi listaverks Sveins Snorra Friðrikssonar sem prýðir núverandi sláturhús Kaupfélags Skagfirðinga.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsvæðingum og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Um fornleifar segir eftirfarandi:

Alls voru skráðar 21 minjar innan skráningarsvæðis. Allar minjarnar að undanskildum tréstauro, sem eru síðustu leifar Gömlu bryggju (2803-20), eru horfnar. Innan deiliskipulagssvæðis á hafnarsvæði Sauðárkróks fer fram fjölbreytt hafnarstarfsemi og iðnaður. Þarna er landslag því mikið breytt frá því sem var og eru flestar minjanna horfnar vegna síðari tíma framkvæmda á svæðinu en einnig vegna landbrots af völdum sjávar. Skráðar minjar tengjast flestar búsetu (bæir, útihús, brunnar) og atvinnu (sjóbúðir, bryggja) en þarna var einnig öldubrjótur til varnar ágangi sjávar og vegurinn sem tengdi Eyrina við þorpið og sveitirnar.

*Á meðfylgjandi uppdrætti má sjá strandlengju hafnarsvæðisins árið 1920, allt austan hennar er því yngra og fellur ekki undir lög um menningarminjar og eru ekki gerðar athugasemdir við framkvæmdir á því svæði. Varðandi framkvæmdir nærri þekktum minjum skal hafa samráð við minjavörð sem metur hvort þörf sé á vöktun eða öðrum mótvægisáðgerðum.*

Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllt,



Guðmundur Stefán Sigurðarson  
Minjavörður Norðurlands vestra

Afrit sent: Skipulagsstofnun [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

## Umsögn HNV - Re 202206051 - Sauðárkrókhöfn matsáætlun umsagnarbeiðni HNV

**Til** : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>; Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>  
**Frá** : Sigurjón Þórðarson <sigurjon@hnv.is>  
**Heiti** : Umsögn HNV - Re 202206051 - Sauðárkrókhöfn matsáætlun umsagnarbeiðni HNV  
**Málsnúmer** : 202206051  
**Málsaðili** : Sveitarfélagið Skagafjörður  
**Skráð dags** : 31.08.2022 00:00:00  
**Höfundur** : Sigurjón Þórðarson <sigurjon@hnv.is>

Sauðárkróki, 31. ágúst 2022

### Skipulagsstofnun

#### Þórdís Stella Erlingsdóttir

### Umsögn HNV um matsáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Sauðárkrókhöfn

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki stórar athugasemdir við matsáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Sauðárkrókhöfn, en hér eru nokkrar ábendingar.

- Í kaflanum um veitur á bls. 5 er fjallað um frárennismál á Sauðárkróki og mætti sá kafla vera ítarlegri og mun greinarbetri. Í stuttri umfjöllun segir m.a. að "sóttmenguðu" skólpi skuli veitt til suðurs, en lífrænu skólpi veitt í sjóinn og vekur umfjöllunin fleiri spurningar en svör.
- Í umfjöllun um samfélag og atvinnulíf skortir á að fjallað sé um umsvif við höfnina þ.e. þróun í uppskipun og útskipun ofl. í þá veruna m.a. vaxtarmöguleika hafnarinnar.
- Umfjöllun um lífríkið er samtíningur héðan og þaðan og verður ekki séð að sumt þar eigi mikið erindi inn í umfjöllun um stækkun hafnarmannvirkja á Sauðárkróki a.m.k. ekki gamlar stofnmælingar á svifdýrum og fiskum út í firði. Svæðið næst höfninni einkennist af sendnum sjávarbotni sem er nokkuð opið fyrir straumum og brimi og á slíkum svæðum er botndýralíf alla jafna mjög fábreytt, eins og kom fram í rannsókn Náttúrustofu Vestfjarða fyrir um 2 áratugum síðan. Fuglalífið einkennist af vargfugli sem sækir í fráveituvatn frá framleiðslufyrirtækjum og vænta má þess að betri hreinsun og frágangur fráveitulagna muni leiða til fækkunar á vargfugli.

Með kveðju

**Skipulagsstofnun**

Bt. Sigurðar Ásbjörnssonar  
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is) og [sigurdur.asbjornsson@skipulag.is](mailto:sigurdur.asbjornsson@skipulag.is)

**Sauðárkrókshöfn, matsáætlun**

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar matsáætlun fyrir Sauðárkrókshöfn, sem unnin er af verkfræðistofunni Stoð fyrir sveitarfélagið Skagafjörð og Skagafjarðarhafnir, dags. 10.6.2022.

Vegagerðin hefur áður gert athugasemdir við nýtt deiliskipulag Sauðárkrókhafnar, sjá umsögn dags. 3.12.2021. Þar komu m.a. fram athugasemdir um útfærslu göngubverana og fimm arma hringtorg. Engar breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulagsuppdraettinum sem sýndur er í matsáætluninni.

Vegagerðin gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Rúna Ásmundsdóttir  
Deildarstjóri Tæknideildar Norðursvæðis

Rúna Ásmundsdóttir

Síða 1/1

**Vegagerðin**  
Miðhúsavegi 1  
600 Akureyri  
+354 522 1000

vegagerdin  
@vegagerdin.is

## Umsögn Samgöngustofu vegna Sauðárkrókshafnar

**Til** : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>  
**Frá** : Halldór Ó. Zoëga - SGS <halldor.zoega@samgongustofa.is>  
**CC** : Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir - SGS <Sigrun.H.Kristjansdottir@samgongustofa.is>  
**Heiti** : Umsögn Samgöngustofu vegna Sauðárkrókshafnar  
**Málsnúmer** : 202206051  
**Málsaðili** : Sveitarfélagið Skagafjörður  
**Skráð dags** : 12.08.2022 00:00:00  
**Höfundur** : Halldór Ó. Zoëga - SGS <halldor.zoega@samgongustofa.is>  
**Viðhengi** [image001.png](#)

Góðan daginn.

Samgöngustofa gerir ekki sérstakar athugasemdir við fyrirbyggjandi matsáætlun um breytingar á höfn og hafnarsvæði Sauðárkrókshafnar. Stofnunin vill benda á að þess sé gætt að farið sé að ákvæðum vitalaga og að þess sé gætt að ekkert við hönnun eða framkvæmdir valdi hættu fyrir siglingar.

Framkvæmdin þarast ekki leyfa frá Samgöngustofu en stofnunin hefur eftirlit með ákveðnum þáttum hafnaframkvæmda og öryggi í höfnum.

Með kveðju / Best regards,

**Halldór Ó. Zoëga - SGS**

Deildarstjóri mannvirkjadeildar / Specialist, Port Installations and Maritime Navigation



**Icelandic Transport Authority**

Ármúli 2, 108 Reykjavík Iceland

Sími / Phone +354 480 6000

[www.samgongustofa.is](http://www.samgongustofa.is) / [www.icetra.is](http://www.icetra.is)

Verndum umhverfið, prentum sem minnst

[Fyrirvari við tölvupóst - email disclaimer](#)

---

**From:** Þórdís Stella Erlingsdóttir

**Sent:** 05.07.2022 11:38:28

Jón Berndsen  
Skipulags- og byggingafulltrúi  
Sveitarfélagið Skagafjörður  
Skagfirðingabraut 21  
550 Sauðárkrókur



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

24. febrúar 2020  
MÍ202001-0010/6.09/G.S.S.

Minjavörður Norðurlands  
vestra

Aðalgata 23  
550 Sauðárkrókur

(354) 570 13 22  
(354) 861 4200

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

## Efni: Sauðárkrókshöfn - umsögn um deiliskipulagslýsingu 2020

Með bréfi dagsett 6.1.2020 óskaði skipulags- og byggingafulltrúi sveitarfélagsins Skagafjarðar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulagslýsingu fyrir hafnarsvæðið á Sauðárkróki, dagsett 2.12.2019.

Líkt og fram kemur í skipulagslýsingu (dags. 2.12.2019) þá er fornleifaskráning nauðsynlegur undanfari þess að ganga frá deiliskipulagi. Fornleifaskráning jarðarinnar Sauðár í Borgarsveit var unnin af Byggðasafni Skagfirðinga og var gefin út árið 2005 og nær hún yfir umrætt skipulagssvæði. (Guðmundur St. Sigurðarson ofl. Sauðá í Borgarsveit – Fornleifaskráning vegna aðalskipulags. 2005/42 Sauðárkrókur 2005) Skráðar voru 163 fornleifar innan kaupstaðarlands Sauðárkróks, en engin innan umrædds skipulagssvæðis.

Árið 2012 tóku ný lög um menningarminjar gildi þar sem bætt var inn svonefndri 100 ára reglu en fram að því nutu hús og mannvirki reist fyrir 1918 sjálfkrafa friðunar. Samkvæmt nýju lögunum njóta hins vegar öll mannvirki verndar sem náð hafa 100 ára aldri. Í 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir orðrétt:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Það er hugsanlegt að einhver mannvirki innan skipulagssvæðisins falli nú undir lög um menningarminjar þótt þau hafi ekki verið skráð á sínum tíma. Þetta á við um leifar gömlu bryggjunnar frá 1916 og hugsanlega fleiri mannvirki. Það er því nauðsynlegt að endurskoða fornleifaskráninguna áður en gengið er frá skipulaginu. Skrá þarf og mæla upp allar fornleifar, hús og mannvirki, innan fyrirhugaðs skipulagssvæðis sem eru 100 ára eða eldri *eða munu ná þeim aldri á*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslustulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegun rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

**Guðmundur Stefán  
Sigurðsson**

Minjavörður Norðurlands  
vestra  
gudmundur@minjastofnun.is

*framkvæmdatíma skipulagsins. Samkvæmt 37. gr skipulagslaga skal framkvæmdatími deiliskipulagsáætlana vera að lágmarki 5 ár en ekki lengri en 15 ár og miða við hið síðarnefnda sé hann ekki skilgreindur.*

Í 37. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 segir enn fremur:

*„Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar. [...]"*

Samkvæmt fasteignamati ríkisins (skra.is) hefur engin þeirra bygginga sem standa innan skipulagsreitsins náð 100 ára aldri né mun neitt þeirra gera það innan framkvæmdatíma skipulagsins (sjá meðfylgjandi lista). Óskað er staðfestingar á aldri þessara húsa, en reynslan sýnir að ekki er alltaf samræmi í skráningum fasteignamats og því sem finna má í gömlum brunavirðingum og gildir þá eldra ártalið. Ef einhverjar byggingar eða byggingarhlutar reynast hafa náð 100 ára aldri eða koma til með að gera það á framkvæmdatíma skipulagsins, er farið fram á að unninn sé húsakönnun með varðveislumati fyrir umræddar byggingar.

Óháð því hvort mannvirki falli undir lög um menningarminjar þá er rétt að benda á að hús eða húshlutar geta haft menningarlegt og/eða sögulegt gildi sem eðlilegt er að taka tillit til í skipulaginu. Má í þessu sambandi benda á lágmyndir á vegg afurðarstöðvarinnar (Eyrarvegi 20), verk Snorra Sveins Friðrikssonar, „Lífshlaup sauðkindarinnar“ og málverk Guðbrands Ægis Ásbjörnssonar, „Ce n'est pas une crevette“, á vegg rækjuverksmiðju Dögunar (Hesteyri 1).

Að lokum má benda á að sýnilegar minjar sem og heimildir um horfnar minjar geta, ef þeim er komið á framfæri með skilmerkilegum og áhugaverðum hætti, verið aðdráttarafi og aukið á ánægjulega upplifun af svæðinu líkt og stefnt er að í markmiðum skipulagsins.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Guðmundur Stefán Sigurðarson  
Minjavörður Norðurlands vestra

Afrit sent í tölvupósti: Skipulagsstofnun [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)



Listi yfir byggingar á skipulagssvæðinu með byggingarári samkvæmt fasteignamati:

<b>Fasteignanúmer</b>	<b>Heiti staðfangs</b>	<b>Merking</b>	<b>Notkun</b>	<b>Bygg.ár</b>	<b>Birt stærð</b>
F2131704	Háeyri 2	01 0101	Hafnarhús	1979	185,1 m <sup>2</sup>
F2131705	Háeyri 4	01 0101	Iðnaðarhús	1990	350,0 m <sup>2</sup>
F2131705	Háeyri 4	01 0101	Iðnaðarhús	1990	350,0 m <sup>2</sup>
F2337205	Háeyri 8	01	Iðnaðar og athafnaló		0,0
F2131435	Eyrarvegur	01 0101	Netagerð/geymslur	1962	527,7 m <sup>2</sup>
F2131435	Eyrarvegur	02 0101	Aðstaða/lager	1979	70,2 m <sup>2</sup>
F2131435	Eyrarvegur	04 0101	Geymsla	1980	71,4 m <sup>2</sup>
F2131418	Eyrarvegur	01 0101	Rannsókná/kennsluhús	1953	1970,1 m <sup>2</sup>
F2131418	Eyrarvegur	02 0101	Umbúðageymsla	1978	330,9 m <sup>2</sup>
F2131418	Eyrarvegur	03 0101	Skrifstofa	2010	718,5 m <sup>2</sup>
F2337181	Eyrarvegur	01	Iðnaðar og athafnaló		0,0
F2327467	Lágeyri 1	01 0101	Netagerð	2012	584,1 m <sup>2</sup>
F2324776	Lágeyri 3	01 0101	Fiskverkun	2011	153,4 m <sup>2</sup>
F2324777	Lágeyri 3	01 0102	Fiskverkun	2011	154,8 m <sup>2</sup>
F2324778	Lágeyri 3	01 0103	Fiskverkun	2011	134,7 m <sup>2</sup>
F2324779	Lágeyri 3	01 0104	Fiskverkun	2011	159,5 m <sup>2</sup>
F2349402	Skarðseyri 13	01 0101	Fiskverkunarhús	2014	1926,1 m <sup>2</sup>
F2349403	Skarðseyri 15	01	Iðnaðar og athafnaló		0,0
F2308076	Skarðseyri hafnarlóð	01 0101	Geymir	1999	98,2 m <sup>2</sup>
F2308076	Skarðseyri hafnarlóð	02 0101	Geymir	1999	13,5 m <sup>2</sup>
F2308076	Skarðseyri hafnarlóð	03 0101	Dæluhús	1999	12,0 m <sup>2</sup>
F2308076	Skarðseyri hafnarlóð	04 0101	Tækjahús	2008	4,8 m <sup>2</sup>
F2323699	Skarðseyri Spennistöð	01 0101	Spennistöð	2002	9,6 m <sup>2</sup>
F2131706	Hesteyri 1	01 0101	Iðnaðarhús	1981	299,9 m <sup>2</sup>
F2131707	Hesteyri 1	01 0102	Iðnaðarhús	1981	219,3 m <sup>2</sup>
F2131708	Hesteyri 1	01 0103	Rækjuverksm. '81-'00	1981	1602,4 m <sup>2</sup>
F2131708	Hesteyri 1	02 0101	Skýli	2001	151,5 m <sup>2</sup>
F2131708	Hesteyri 1	03 0101	Skýli	2013	152,6 m <sup>2</sup>
F2131710	Hesteyri 2	10101	Iðnaðarhús	1975	888.6 m <sup>2</sup>
F2131710	Hesteyri 2	30101	Bifreiðaverkstæði	2008	3590.3 m <sup>2</sup>
F2227882	Hesteyri 3	01 0101	Spennistöð nr: 19	1996	10,6 m <sup>2</sup>



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Norðurlands  
vestra

Aðalgata 23  
550 Sauðárkrókur

(354) 570 13 22  
(354) 861 4200

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Guðmundur Stefán  
Sigurðarson**  
Minjavörður Norðurlands  
vestra  
gudmundur@minjastofnun.is

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Sauðárkróki, 10. ágúst 2022  
MÍ202207-0026/ 6.07 / G.S.S.

**Efni:**  
**Umsögn um matsáætlun framkvæmda við Sauðárkrókshöfn**

Minjastofnun Íslands barst tölvupóstur frá Skipulagsstofnun þann 5.7.2022 þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun framkvæmda við hafnarsvæði Sauðárkrókshafnar dags. 10.6.2022.

Minjavörður Norðurlands vestra veitti umsögn um deiliskipulagslýsingu hafnarsvæðisins (dags. 2.12.2019) með bréfi dags. 24.2.2020. Í þeirri umsögn er farið fram á uppfærslu á fornleifaskráningu svæðisins og óskað staðfestingar á aldri húsa á skipulagssvæðinu. Þau gögn hafa ekki borist stofnuninni.

Fyrirliggjandi fornleifaskrá er frá árinu 2005 og voru engar minjar skráðar innan svæðisins við gerð hennar. Vegna aldursákvæðis laga um menningarminjar nr. 80/20212 sem kveður á um að öll mannvirki sem náð hafi 100 ára aldri njóti friðunar (sbr. 3.gr.) þá kunna hins vegar einhver hús eða mannvirki að falla undir lögín nú þótt svo hafi ekki verið þegar skráningin fór fram. Nauðsynlegt er að ljúka þessari vinnu svo hægt sé að taka upplýsta afstöðu um áhrif framkvæmdanna á minjar og mannvirki sem falla undir lög um menningarminjar.

Í umsögninni var einnig bent á að á tveimur húsum innan skipulagsins eru listaverk sem hafa menningarlegt gildi þrátt fyrir að njóta ekki friðunar og eðlilegt sé að taka tillit til þeirra við skipulag svæðisins.

Virðingarfyllt,

Guðmundur Stefán Sigurðarson  
Minjavörður Norðurlands vestra

Afrit sent í tölvupósti: Skipulagsfulltrúi Skagafjarðar  
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir [saeunnkth@skagafjordur.is](mailto:saeunnkth@skagafjordur.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnvöldum og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

## FW 202206051 - Sauðárkrókhöfn matsáætlun Umsagnarbeiðni Sveitarfélagið Skagafjörður

**Til** : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>; Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>; Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>

**Frá** : Sigfús Ingi Sigfússon <sigfus@skagafjordur.is>

**CC** : Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir <saeunnkth@skagafjordur.is>

**Heiti** : FW 202206051 - Sauðárkrókhöfn matsáætlun Umsagnarbeiðni Sveitarfélagið Skagafjörður

**Málsnúmer** : 202206051

**Málsaðili** : Sveitarfélagið Skagafjörður

**Skráð dags** : 09.08.2022 00:00:00

**Höfundur** : Sigfús Ingi Sigfússon <sigfus@skagafjordur.is>

**Viðhengi** [202206051 - Sauðárkrókhöfn matsáætlun.pdf](#)  
[image001.jpg](#)  
[image003.jpg](#)  
[image002.jpg](#)

Góðan daginn Þórdís Stella.

Sjá hér fyrir neðan bókanir skipulagsnefndar Skagafjarðar og byggðarráðs Skagafjarðar (sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald til 16. ágúst í sumarleyfi sveitarstjórnar) við umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar. Beðist er velvirðingar á að bókanirnar hafi ekki verið sendar ykkur fyrr.

Skipulagsnefnd - 3 (20.7.2022) - Umsagnarbeiðni um matsáætlun Sauðárkrókshafnar

Málsnúmer: 2207034

Málsaðili: Skipulagsstofnun

Þann 13. júní 2022 móttók Skipulagsstofnun matsáætlun frá Sveitarfélaginu Skagafirði og Skagafjarðarhöfnum, vegna umhverfismats Sauðárkrókshafnar. Skipulagsstofnun kynnir framkvæmdina og matsáætlunina með auglýsingu frá 7. júlí til og með 5. ágúst 2022. Matsáætlun liggur frammi hjá Skipulagsstofnun og hjá skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar og er jafnframt aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar á [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is). Skipulagsstofnun hefur óskað eftir umsögnum lögboðinni umsagnaraðila. Frestur almennings og umsagnaraðila til að skila umsögnum er til 5. ágúst 2022. Sveitarfélagið Skagafjörður mun fá sendar umsagnir með tölvupósti jafnóðum og þær berast og hefur þá 3 virka daga eftir að síðasta umsögn berst til að koma á framfæri svörum eða frekari upplýsingum. Taki framkvæmdaraðili sér lengri frest, lengist þá frestur Skipulagsstofnunar til að ljúka álitum sem því nemur. Gert er ráð fyrir að álit Skipulagsstofnunar um matsáætlun liggi fyrir 26. ágúst 2022. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við matsáætlunina og leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða matsáætlun.

Byggðarráð Skagafjarðar - 7 (20.7.2022) - Umsagnarbeiðni um matsáætlun Sauðárkrókshafnar

Málsnúmer: 2207034

Málsaðili: Skipulagsstofnun

Vísað frá 3. fundi skipulagsnefndar dags 20. júlí 2022 þannig bókað: Þann 13. júní 2022 móttók Skipulagsstofnun matsáætlun frá Sveitarfélaginu Skagafirði og Skagafjarðarhöfnum, vegna umhverfismats Sauðárkrókshafnar. Skipulagsstofnun kynnir framkvæmdina og matsáætlunina með auglýsingu frá 7. júlí til og með 5. ágúst 2022. Matsáætlun liggur frammi hjá Skipulagsstofnun og hjá skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar og er jafnframt aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar á [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is). Skipulagsstofnun hefur óskað eftir umsögnum lögboðinna umsagnaraðila. Frestur almennings og umsagnaraðila til að skila umsögnum er til 5. ágúst 2022. Sveitarfélagið Skagafjörður mun fá sendar umsagnir með tölvupósti jafnóðum og þær berast og hefur þá 3 virka daga eftir að síðasta umsögn berst til að koma á framfæri svörum eða frekari upplýsingum. Taki framkvæmdaraðili sér lengri frest, lengist þá frestur Skipulagsstofnunar til að ljúka álitum sem því nemur. Gert er ráð fyrir að álit Skipulagsstofnunar um matsáætlun liggi fyrir 26. ágúst 2022. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við matsáætlunina og leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða matsáætlun.

Erindið borið upp til afgreiðslu og samþykkt með þremur atkvæðum.

Kveðja,

Sigfús Ingi



**Sigfús Ingi Sigfússon**

**Sveitarstjóri / Mayor**

**Skagafjörður**

**Skagafjörður Municipality**

+354 455 6000 / +354 842 5777

[sigfus@skagafjordur.is](mailto:sigfus@skagafjordur.is)

---

**Ráðhúsinu – 550 Sauðárkróki – Sími +354 455 6000 – Fax +354 455 6001 – [www.skagafjordur.is](http://www.skagafjordur.is)**

---

**From:** Þórdís Stella Erlingsdóttir <[thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)>

**Sent:** mánudagur, 8. ágúst 2022 09:45

**To:** [skagafjordur@skagafjordur.is](mailto:skagafjordur@skagafjordur.is)

**Subject:** FW: 202206051 - Sauðárkrókshöfn matsáætlun Umsagnarbeiðni Sveitarfélagið Skagafjörður

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 3. ágúst 2022  
Málsnúmer: 202207-0003  
SS

### Efni: Umsögn um matsáætlun vegna framkvæmda við Sauðárkrókhöfn

Við er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 5. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir framkvæmdir Skagafjarðarhafna og Sveitarfélagsins Skagafjarðar við Sauðárkrókhöfn.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og telur að í henni sé að mestu nægjanlega vel gert grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum og líklegustu umhverfisáhrifum. Mestu áhrifin eru líkleg til að verða á lífríki á grunnsævi næst höfninni vegna framkvæmda við dýpkanir, landfyllingar og byggingu varnargarða. Á landi er hafnarsvæðið nær allt manngert eða raskað og áhrif á gróður og dýralíf þar því minniháttar.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er mikilvægt að fram fari könnun á botndýralífi á áhrifasvæði framkvæmdar. Í matsáætluninni segir einungis að „tekin verða sýni á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði“. Þetta er ekki skýrt eða greinargott og útskýra þarf betur í umhverfismatskýrslu hvernig sú sýnataka mun fara fram og hvar nákvæmlega. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir að ekki sé nauðsynlegt að fara í ítarlega úttekt á fuglalífi vegna framkvæmdarinnar en er tilbúin í frekara samráð við mat á áhrifum á fuglalíf eins og minnst er á í matsáætluninni.

Sérkennilegt er að ekki er fjallað um möguleg áhrif mengunar við dýpkunar- og landfyllingarframkvæmdir. Meta þarf hvort einhver hætta sé á að mengað set sé á svæðinu og/eða að mengun berist með haugsetningu. Bæta ætti umfjöllun um slíkt og tengja við mat á áhrifum á strauma og á lífríki.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs





Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. júlí 2022  
UST202207-063/B.S.  
10.05.01

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Matsáætlun - framkvæmdir – Sauðárkrókhöfn.  
Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Umhverfisstofnun telur að umrædd matsáætlun sé sérstaklega vönduð, ítarleg og gefi mjög góða mynd af fyrirhuguðum framkvæmdum. Fjallað verður um alla þætti sem helst skipta máli varðandi umhverfisáhrif framkvæmdanna.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 18.07.2022  
MFRI: 2022-07-0458

### **Efni: Sauðárkrókhöfn - matsáætlun**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna matsáætlunar um ofangreinda framkvæmd. Óskar Skipulagsstofnun eftir því að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um meðfylgjandi matsáætlun framkvæmdarinnar skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggist vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum Hafrannsóknastofnun telji að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar.

Um er að ræða margar misstórar framkvæmdir á svæðinu. Umfangsmesti hluti framkvæmdanna er á Neðri Eyri þar sem höfnin verður stækkuð til austurs. Stækka á hafnargarðinn með nýjum brimvarnargarði og landfyllingu auk dýpkunar sjávarbotns. Einnig skal lengja sandfangara og halda áfram með landvinninga, áframhald verður á viðhaldsdýpkun í innri höfn, lenging verður á Norðurgarði, landfylling í Sætúni, ný bryggja verður gerð við Sætún, landfylling verður gerð sunnan Suðurgarðs ásamt því að byggingar verða byggðar og gatnaframkvæmdir.

Efni í varnargarða verður að miklu leyti sótt í námur á landi ásamt því að til stendur að nota dýpkunarefnið og efni sem fellur til við niðurrif húsa.

Fram kemur í kafla 3.3. um lífríki að ekki hafi farið fram sérstök könnun á lífríki sjávar í og við höfnina. Þó kemur fram seinna í matsáætlun að framkvæmdaraðili hyggist taka sýni á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði og bera saman við aðrar rannsóknir sem fjallað er um í matsáætluninni. Ekki er tekið fram hvar nákvæmlega á að taka þessi sýni né heldur hversu mörg þau verða eða hvernig sýnatakan fer fram.

F.h. Hafrannsóknastofnunar



Rakel Guðmundsdóttir